



Sterk staða íslenskra banka í alþjóðlegum samanburði

The Banker¹, tímarit á vegum Financial Times, birti í júlí útgáfu sinni yfirlit um styrk og frammistöðu 1.000 fremstu banka heimsins að þeirra mati. Tímaritið hefur tekið saman samskonar lista allt frá árinu 1970. Listinn þykir sérstaklega gagnlegur þar sem hann býður bæði upp á samanburð banka innan sama lands og eins milli mismunandi landa út frá samrýmdri aðferðafræði.

Til þess að meta styrk og frammistöðu bankanna eru skoðaðar meðal annars:

- Eignir (e. assets)
- Eigið fé (e. tier 1 capital)
- Hagnaður (e. profits)
- Eiginfjárhlutfall (e. capital asset ratio)
- Arðsemi eigna (e. return on assets)

Kosturinn við samanburðinn hjá tímaritinu er að beitt er óháðri og samræmdri aðferðafræði sem ætti að gefa ágæta mynd af eiginlegum styrk helstu banka í heiminum. Bankar geta þó verið með ólíkan rekstur og ekkert einhlítt í slíkum samanburði².

Hagnaður bankanna aldrei meiri

Samkvæmt samantekt The Banker halda bankar heimsins áfram að stækka, hvort sem horft er til eigna eða eigin fjár, en samanlögð stærð tíu stærstu banka heimsins samsvarar nú næstum samanlagðri landsframleiðslu tveggja stærstu hagkerfa heimsins; Bandaríkjana og Kína.

The Banker telur helstu niðurstöðu listans vera aukinn hagnað 1.000 fremstu bankanna en hann jókst um 23% milli árána 2012 og 2013.

Samanlagður hagnaður 1.000 stærstu bankanna hefur því aldrei verið meiri, eða um 920 milljarðar bandaríkjadala. Hagnaður bankanna í fyrra fór því í


Sæti	Banki	Eignir ma.USD
1 (1)	ICBC	3.100
2 (5)	China Construction Bank	2.518
3 (2)	JPMorgan Chase & Co	2.416
4 (3)	Bank of America	2.105
5 (4)	HSBC Holdings	2.671
6 (6)	Citigroup	1.881
7 (9)	Bank of China	2.274
8 (8)	Wells Fargo & Co	1.527
9 (10)	Agricultural Bank of China	2.386
10 (7)	Mitsubishi UFJ Financial Group	2.451

Samtals: 23.329

Skýring: tölur innan sviga tákna sæti fyrra árs

Heimild: The Banker

Staða íslensku bankanna á lista The Banker




Heimild: The Banker

¹ The Banker (2014); vol. 164, no. 1062; Financial Times, www.thebanker.com.

² Portúgalski bankinn, Banco Espírito Santo, kemur t.d. ágætlega út í þessum samanburði þrátt fyrir að hafa verið bjargað af seðlabanka landsins í byrjun þessa mánaðar.



fyrsta sinn fram úr 786 milljarða metárinu 2007. The Banker bendir líka á umfangsmikla endurfjármögnun (e. recapitalisation) sem einkennt hefur Vestur-evrópska banka þar sem 18 af 25 stærstu bönkunum hafa aukið eiginfjárgrunn sinn. Kínverskir bankar halda áfram að styrkja sig verulega og voru 5 þeirra á topp 20 listanum, m.a. í efstu tveimur sætunum. Hvað varðar bandarísku bankanna nefnir The Banker að þrátt fyrir háar fjársektir og sáttagreiddur vegna ólöglegrar eða ranglátrar háttsemi fyrir fjármálakreppuna hafi þeir styrkt stöðu sína hlutfallslega miðað við aðra banka, enda styrktu nær allir þeirra fjármagnsstöðu sína milli árana 2012 og 2013.



Heimild: The Banker

Í heild hefur hlutfall áhættuveginna eigna á móti heildareignum lækkað verulega hjá bönkum heimsins. Endurskipulagning evrópskra banka hefur þar mikið að segja, en margir bankar minnkuðu markaðsáhættu sína til að mæta fjármagnskröfum eftirlitsaðila.


Bættur árangur íslenskra banka

Íslensku bankarnir komu vel út úr könnuninni í ár og eru þeir allir að bæta sig. Heildareinkunnin er gefin út frá þremur meginflokkum: 1) Stærð (e. strength), metin út frá Tier 1 eigin fé. 2) Fjárhagslegur styrkur (e. soundness), metinn út frá eiginfjárhlutfalli. 3) Frammistaða (e. performance), metin út frá arðsemi eigna. Á listanum vegur stærð (e. strength) þyngst og eru 1.000 fremstu bankarnir metnir út frá henni. Landsbankinn hækkar um 32 sæti í stærð milli ára upp í sæti 397, Íslandsbanki hækkar um 48 upp í 499 og Arion hækkar um 72 upp í 595. Til samanburðar eru stærstu bankar Norðurlandanna nokkuð dreifðir yfir efstu 400 sætin. Nordea er þar fremstur í 48. sæti, næstir eru Danske Bank í 55. og DNB Group í 67. sæti. Svo eru t.d. Jyske Bank og Sydbank nálægt íslensku bönkunum í sætum nr. 280 og 395.

Hvar eru íslensku bankarnir sterkir?

Af flokkunum þremur sem metnir eru koma íslensku bankarnir best út úr fjárhagslegum styrk og frammistöðu sem eru metin út frá eiginfjárhlutfalli (CAR) og arðsemi eigna (ROA).

CAR er skilgreint hjá tímaritinu sem Tier 1 eigið fé á móti heildareignum og segir í stuttu máli til um getu banka til að takast á við áhættu. Þar standast



Heimild: The Banker




hlutfallslega fáir aðrir íslensku bönkunum snúning og er t.d. Landsbankinn hæstur íslensku bankanna í 20. sæti yfir heiminn og í 1. sæti í Vestur-Evrópu, með CAR-hlutfall upp á 20,6%.

ROA er skilgreint sem hagnaður á móti heildareignum en á þann mælikvarða standa íslensku bankarnir einnig mjög framarlega. Landsbankinn og Íslandsbanki eru hlið við hlið í sætum 39 og 38 en Arion í 248. sæti.

Kostnaðarhlutfall íslensku bankanna er afar svipað því sem gengur og gerist víðast hvar í löndunum í kringum okkur, en hlutfallið mælir hagkvæmni í rekstri. Sé litið til Norðurlandanna er þetta hlutfall almennt í kringum 50%, lægst í Noregi (41,3%). Af íslensku bönkunum er hlutfallið lægst hjá Landsbankanum, 40,3%, þar næst kemur Arion með 59,7% og loks Íslandsbanki með 65,3%.

Þessi alþjóðlegi samanburður sýnir m.a. að íslensku bankarnir teljast nú vera einna best fjármagnaðir meðal evrópskra banka. Þetta er gott merki um þá kjörstöðu sem íslenska fjármálakerfið er í bæði til þess að styrkja stöðu sína enn frekar og til þess að styðja við áframhaldandi vöxt í efnahagslífinu.

Kostnaðarhlutfall



Heimild: The Banker

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.